

# *Safnkennsluefni*



*Til notkunar á Byggðasafninu  
Garðskaga*

Safnkennsluefni  
fyrir  
Byggðasafnið Garðskaga

Höfundarréttur:  
Kristjana H. Kjartansdóttir

Höfundur:  
Kristjana H. Kjartansdóttir  
grunnskólakennari



Áhugasamir nemendur í safnkennslu  
á Byggðasafninu Garðskaga



Byggðasafnið á Garðskaga  
Skagabraut 100  
250 Garði  
Netfang: gardskagi@simnet.is

Opnunartími safnsins er frá kl. 13:00 til 17:00  
og einnig eftir samkomulagi  
Safnvörður:: Ásgeir M. Hjálmarsson  
Sími: 8942135

## **Efnisyfirlit**

### **Fyrsti hluti:**

Formáli  
Skipting safnsins  
Tengsl verkefna við Aðalnámskrá grunnskóla  
Um efnið  
Námsefni tengt verkefnunum  
Náms- og ítarefni  
Heimildir  
Kennsluhugmyndir I-VIII

### **Annar hluti**

#### **Verkefni fyrir yngstu börnin**

20 verkefnablöð með myndum af munum,  
sem nemendur leita að á safninu og vinna  
verkefnið eftir.

### **Þriðji hluti**

#### **Einstaklingsverkefni:**

Fast þeir sóttu sjóinn	Sjósókn I
Fiskvinnsla	Sjósókn II
Heimilið	Skóli
Heimili/Búr	Skóvinnustofa
Heimili/Eldhús	Stúkan Framför
Heimili/Stofa	Sveitastörf
Lambastaðavör	Verslun
Leikföng	Vetrarleikir
Leikir	Vélarnar
Lífið í landi	Vitarnir
Ljósmyndir I	
Ljósmyndir II	
Samfélagið í landi	
Siglingatæki	

## **Fjórði hluti**

### **Para/hópaverkefni:**

Fiskvinnsla  
Heimilið I  
Heimilið II  
Leikföng  
Póstur og sími  
Siglingatæki  
Síldarminjar  
Sjósókn  
Skiplíkön  
Skólinn  
Sveitastörf I  
Sveitastörf II  
Sveitastörf III  
Sveitastörf IV  
Veiðarfæri  
Vélar I  
Vélar II  
Vélar III  
Vélar IV  
Vélar V  
Vélar VI  
Vélar VII  
Verslun

## **Fimmti hluti**

### **Viðtalsblöð:**

Fiskvinnsla  
Heimilisstörf  
Kirkja  
Leikir  
Leikföng  
Póstur  
Sjósókn  
Skólaganga  
Sveitastörf  
Verslun

## **Sjötti hluti**

### **Úti- og inniverkefni:**

Garðskagaflösin  
Skilti - náttúra Skagans  
Vitarnir  
Merktar varir í Garði I  
Merktar varir í Garði II  
Merktar varir í Garði III

# **1. hluti**

**Um Safnkennsluefnið**

## Formáli

Ég undirrituð þakka það traust sem mér er sýnt með því að fela mér að vinna þetta safnkennsluefni fyrir Byggðasafnið á Garðskaga.

Ég hef fylgst með uppbyggingu safnsins frá þeim degi að vísir að því kom fyrst fyrir augu almennings þegar munir sem Ásgeir Hjálmarsson hafði safnað á löngum tíma, voru settir upp á sýningu í Gerðaskóla í tilefni 120 ára afmælis skólans.

Eftir opnun safnsins á Garðskaga þótti sjálfsagt að koma þar við þegar nemendur fóru í gönguferð út á Skaga og var þá gengið um safnið og munirnir skoðaðir án þess að um skipulagða safnakennslu væri að ræða.

Um leið og safnið var komið í núverandi húsnæði og gott skipulag komið á það, ákvað ég að útbúa verkefni fyrir nemendur mína til að vinna á safninu. Verkefnin voru miðuð við nemendur í 2. bekk, en þau hafa einnig verið notuð fyrir 4. bekk. Þessi verkefni voru byggð upp sem nokkurs konar ratleikur um safnið og áttu börnin að vinna saman í litlum hópum og hjálpast að við að vinna þau.

Verkefnin dýpkuðu skilning þeirra á því sem fyrir augu bar og sá ég þarna að þörf væri á að safnið gæti boðið nemendum upp á úrval verkefna til að vinna á safninu. Ég þurfti því ekki að hugsa mig tvisvar um þegar Erna M. Sveinbjarnardóttir skólastjóri Gerðaskóla og formaður Byggðasafnsnefndar óskaði eftir kennara til að taka að sér að vinna safnkennsluefni fyrir Byggðasafnið á Garðskaga. Ég sló til og hér er svo afrakstur vinnu minnar. Það er ósk mín að verkefnin komi öðrum kennurum að gagni við kennslu jafnt í skólanum sem á safninu.

Að lokum þakka ég Byggðasafnsnefndinni og þeim sem aðstoðuðu við yfirlestur verkefnanna, kærlega fyrir samstarf og aðstoð. Ég tek fulla ábyrgð ef villur finnast í texta eða rangt er farið með einhver atriði.

Garði 15. ágúst 2007

---

Kristjana Halldóra Kjartansdóttir

## **Byggðasafnið skiptist á eftirfarandi hátt:**

*Á neðri hæð í gamla húsinu:*

*Lífið í landi*

- *Sveitastörf*
- *Heimilishald*

*Á efri hæð i gamla húsinu:*

*Samfélagið í landi*

- *Verkstæði iðnðarmanna*
- *Kirkja*
- *Skóli*
- *Verslun*
- *„Kontór”*
- *Póstur og sími*
- *Íþróttir og félagsstarf*
- *Mynda og skjalasafn*

*Í nýja húsinu:*

*Fast þeir sóttu sjóinn*

- *Bátar*
- *Vélar*
- *Líkön*
- *Veiðarfæri*
- *Siglingatæki og annað sem tilheyrir siglingum, sjósókn og verkun sjávarafurða*

## **Tengsl við Aðalnámskrá grunnskóla**

Við gerð safnkennsluefnisins er tekið tillit til markmiða Aðalnámskrár grunnskóla í samfélagsfræði.

### **Samkvæmt áfangamarkmiðum í samfélagsfræði við lok 4. bekkjar á nemandi m.a. að:<sup>1</sup>**

- skilja mikilvægi hafsins og legu landsins fyrir lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrr
- þekkja til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna og vita hvernig þeir hafa þróast í stórum dráttum á þessari öld og samfélagið breyst með þeim
- skilja hlutverk ólíkra starfa í þjóðfélaginu<sup>2</sup>
- hafa kannað aðstæður og fyrirbæri á skipulegan hátt og skráð athuganir sínar, t.d. í vettvangsferð<sup>3</sup>
- hafa fengið að skynja söguna í gegnum viðtöl við eldra fólk eða með því að hlýða á frásagnir þess um liðna atburði
- hafa fengið að skynja söguna í gegnum ljósmyndir, kvikmyndir og heimsóknir á listasöfn og minjasöfn<sup>4</sup>

### **Nokkur lokamarkmið í samfélagsfræði í 1. – 4. bekk og í sögu í 5. – 9. bekk:<sup>5</sup>**

Nemandi:

- fá tilfinningu fyrir og skilning á framvindu tímans
- leiti samhengis og tengsla milli tímabila, svæða og sviða
- geti sett sjálfan sig í samhengi sögunnar, sem þátttakanda og skoðanda
- fá lifandi áhuga á nálægri og fjarlægri sögu og samfélagi

---

<sup>1</sup> Aðalnámskrá Grunnskóla, 1979. Samfélagsfræði. Bls.12-15

<sup>2</sup> Kaflinn *Land og þjóð* úr samfélagsfræðihluta Aðalnámskrár

<sup>3</sup> Kaflinn *Rýni* úr samfélagsfræðihluta Aðalnámskrár

<sup>4</sup> Kaflinn *Innlifun og vísýni* úr samfélagsfræðihluta Aðalnámskrár

<sup>5</sup> Aðalnámskrá Grunnskóla. Samfélagsfræði. Bls.11

## Um safnkennslufnið

Ég vil með nokkrum orðum skýra frá hugmyndum mínum um notkun efnisins.

Ég valdi að gera verkefnin þannig úr garði að þau vektu áhuga nemenda á því sem safnið hefur upp á að bjóða. Verkefnin eru einföld og mátulega krefjandi þar sem ég vissi að tíminn sem gæfist til úrlausnar á safninu gæti orðið naumur og vildi að nemendur hefðu góðan tíma til að skoða, spyrja og ræða það sem fyrir augu bæri áður en þeir leystu verkefnið sjálf. Reiknað er með því að nemendur geti sjálfir lesið fyrirmælin og skrifað stuttar umsagnir og svör við spurningum. Tuttugu léttari verkefni eru þó sérstaklega ætluð leikskólabörnum og nemendum 1. bekkjar.

Kennslufnið er ætlað til nota á Byggðasafninu á Garðskaga og miðast fyrst og fremst við yngsta- og miðstig grunnskólans, enda er meira um það samkvæmt Aðalnámskrá að sá aldurshópur kynni sér heimabyggðina og nánasta umhverfi, en eldri nemendur. Þó má auðvitað nýta verkefnin fyrir elsta skólastigið t.d. í göngu- og vettvangsferðum um fjörunar og út á Garðskaga þar sem nemendur geta skoðað varir sem búið er að merkja allt frá Lambastaðavör að Stórhólmi í Leiru.

Kennarar þurfa að kynna sér verkefnin áður en hafist er handa og velja það sem hentar hverju sinni, því áður en farið er á safnið er gagnlegt að undirbúa nemendur svolítið og útskýra hvernig best sé að vinna verkefnin. Í efnisyfirliti kemur fram hvaða verkefni eru í boði.

Áður en byrjað er á verkefnum sem vinna skal á safninu er gott að fá nemendur til að tjá sig og segja frá vitneskju sinni um viðkomandi efni. Öll svör eru skráð t.d. á flettistöflu og síðan er byrjað að afla upplýsinga um efnið í námsbókum, með myndbandaskoðun, vettvangsferðum, lestri fræðibóka og viðtölum við þá sem reynsluna hafa og er þá hentugt að nota viðtalsblöðin sem fylgja efninu

Verkefnin eru sett þannig upp að nemendur eru leiddir á ákveðna staði á safninu og beðnir að skoða sig um og lesa sér til áður en þeir svara spurningum og skrifa stutta frásögn um þá hluti sem þeir velja sér ásamt því að teikna hlutina, sem gefur nemendum aukna möguleika á að tjá sig. Ýmist er unnið einstaklingslega, í pörum eða litlum hópum.

Viðbótarverkefni fylgja verkefnablöðunum og eru þau ætluð þeim nemendum sem eru fljótir að vinna og hafa því tíma til að gera meira.

Undirbúningur fer yfirleitt fram í skólanum áður en safnið er heimsótt. Því næst eru verkefni unnin á safninu og að lokum vinna nemendur með þær upplýsingar og fróðleik sem þeir hafa aflað sér og skila afrakstrinum í skólanum, munnlega, með rituðum texta eða á myndrænan hátt.

Nauðsynlegt er að útskýra fyrir nemendum umgengnisreglur sem gilda á söfnum, s.s. að ekki má snerta hlutina, ganga þarf hljóðlega um og nemendur þurfa að vera duglegir að skoða sig um, lesa upplýsingar og spyrja um það sem fyrir augu ber. Hvetja þarf nemendur til góðrar samvinnu og vandvirkni við úrlausn verkefna.

Við undirbúning vinnu minnar við gerð kennsluefnisins hafði ég samfélagsfræðihlutann í Aðalnámskrá grunnskóla til hliðsjónar ásamt því námsefni sem mér þótti henta efninu.

Ég þekkti vel til á safninu áður en ég hófst handa og auðveldaði það mér vinnuna, en ég eyddi þó nokkrum tíma við að taka ljósmyndir af munum og lesa mér til um þá, auk þess sem ég prófaði sjálf og með aðstoð dóttursonar míns að leysa fáein verkefni af hendi. Einnig gafst mér tækifæri til að prófa nokkur verkefni á nemendum mínum í 3.bekk í lok skólaársins 2006-2007 og gaf það góða raun.

Þær kennsluhugmyndir sem ég læt fylgja eru einungis hugsaðar sem viðmið, því hver og einn kennari hefur frjálsar hendur varðandi kennslufyrirkomulag.

Að mínu mati ætti þetta safnkennsluefni að vera í stöðugri endurskoðun því búast má við að safnið stækki og nýir hlutir bætist við.

Ef spurningar vakna varðandi verkefnin er ég tilbúin til að svara þeim eftir bestu getu.

Kristjana H. Kjartansdóttir  
sjana@gerdaskoli.is

## Námsefni með verkefnum

### Sveitastörf:

***Afi minn í sveitinni***

Höf: Friðrik Erlingsson. Útg. Námsgagnastofnun. 198

(Léttlestrarefni)

***Lykill með Afi minn í sveitinni***

Höf: Andrés Guðmundsson og Hlín Pálsdóttir.

Útg. Námsgagnastofnun. 1990

***Í sveitinni með Æsu og Gauta***

3. bekkur

Höf: Helga Ólafsdótti, Sigrún Bjarnadóttir og Iðunn Steinsdóttir. Útg. Námsgagnastofnun. 2000

***Ísland áður fyrr:***

8-10 ára

-Heimilið

-Störfin

-Fjölskyldan

-Menntun til munns og handa

Höf: Kristín Á. Þorsteinsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir.

Útg. Námsgagnastofnun. 1995-1999

• ***Komdu og skoðaðu eldhúsið***

3. bekkur

Höf: Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir

Útg. Námsgagnastofnun. 2003

***Úrsveit í borg; þættir úr sögu 20. aldar***

Höf: Guðmundur J. Guðmundsson. Útg. Námsgagnastofnun. 2002

Einnig má benda á annað námsefni s.s. ***Skinnu, Brauðstrit*** og nýtt námsefni sem bent er á á [www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is) og nefnist: ***Íslenskir þjóðhættir-Sveitastörf fyrir á öldum***. En þetta verður látið nægja að sinni.

### Leikföng:

***Spor 3***

3. bekkur

Höf: Elín E. Jóhannsdóttir. Útg. Námsgagnastofnun. 2003

### Sjómennska/fiskvinnsla:

***Komdu og skoðaðu hafið.***

Höf: Sólrún Harðardóttir. Útg. Námsgagnastofnun. 2003

2. bekkur

### Póstur:

***Stærðfræði Eining 4 – Þema póstur***

2. bekkur

Þýð: Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir

Útg. Námsgagnastofnun. 2000.

## Náms- og itarefni sem tengst getur kennsluefninu:

Andrés Guðmundsson og Hlín Pálsdóttir. 1990.

**Lykill með Afi minn í sveitinni.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Arne Mogensen og Silla Petersen. 2000. Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Hermannsdóttir þýð.

**Stærðfræði Eining 4, þema póstur.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Edda Eiríksdóttir, Jenný Karlsdóttir, Þórey Ketilsdóttir, Þorvaldur Örn Árnason. 1994. **Lífrikið á landi.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir. 2003.

**Spor 3.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Friðrik Erlingsson. 1988.

**Afi minn í sveitinni.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Guðmundur J. Guðmundsson. 2002.

**Úr sveit í borg. Þættir úr sögu 20. aldar.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Gunnar M. Magnúss. 1963.

**Undir Garðskagavita.** Reykjavík. Ægisútgáfan.

Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. 2003.

**Komdu og skoðaðu eldhúsið.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Helga Ólafsdóttir, Iðunn Steinsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir. 2000.

**Í sveitinni með Æsu og Gauta.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Kristín Á. Þorsteinsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir. 1995 – 1999.

**Ísland áður fyrr: Heimilið. Störfin. Fjölskyldan. Menntun til munns og handa.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Kristján Sveinsson, Guðmundur Bernódusson og Guðmundur L. Hafsteinsson. 2002. **Vitar á Íslandi.** Reykjavík. Siglingastofnun

Sólrún Harðardóttir. 2003.

**Komdu og skoðaðu hafið.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Sólrún Harðardóttir. 1995.

**Náttúran allan ársins hring.** Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Myndbönd: **Verstöðin Ísland, Lambastaðavör, Varir í Garðinum.**

## Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsfræðihlutin.* 1999.  
Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Ásgeir Hjálmarsson, mynddiskur um varir og útræði í Garði.

Byggðasafnið á Garðskaga, skráðar upplýsingar við safnhluti.

Gunnar M. Magnúss, *Undir Garðskagavita.* 1963.  
Reykjavík. Ægisútgáfan.

[www.sv-gardur.is](http://www.sv-gardur.is), lifandi mynd frá Lambastaðavör í Garði

## Kennsluhugmynd I:

### Sveitastörf

#### Tillaga um hentugt námsefni:

*Ísland áður fyrr: Fjölskyldan - Störfin – Heimilið - Menntun til munns og handa.* 8–10 ára

Höf: Kristín Á. Þorsteinsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir.

Útg. Námsgagnastofnun, 1995 - 1999

*Í sveitinni með Æsu og Gauta.* 3. - 4. bekkur

Höf: Helga Ólafsdóttir, Iðunn Steinsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir.

Útg. Námsgagnastofnun, 2000

*Komdu og skoðaðu eldhúsið.* 2. – 3. bekkur

Höf: Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir.

Útg. Námsgagnastofnun. 2003

#### ***Kennslutilhögun:***

- Nemendur segja frá því sem þeir vita um sveitastörf fyrr á tímum og vitneskja þeirra skráð á flettistöflu
- Nemendur fara heim með viðtalseyðublöð og spyrja ættingja eða aðra sem eru eldri en 50 ára um reynslu þeirra af sveitastörfum fyrr á tímum.
- Heimsókn á Byggðasafnið þar sem unnin eru verkefni. Í verkefnamöppunni eru viðtalseyðublöð og nokkur mismunandi verkefnablöð tengd sveitastörfum sem hægt er að vinna einstaklingslega, í þörum eða litlum hópum.
- Söguaðferðin hentar vel sem kennsluáðferð með ofangreindu námsefni, nemendur vinna þá verkefni í hópum og skapa aðstæður í kring um það viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni.

## **Kennsluhugmynd II:**

### **Leikföng**

#### **Tillaga um hentugt námsefni:**

*Spor 3; lífsleikni*

3. bekkur

Höf: Elín E. Jóhannsdóttir. Útg. Námsgagnastofnun. 2003

#### **Kennslutilhögun:**

- Nemendur miðla hugmyndum sínum um leiki og leikföng barna í gamla daga. Allar hugmyndir skráðar á flettistöflu.
- Nemendur fá viðtalseyðublöð sem þeir nota til að afla munnlegra heimilda um leikföng fyrr á tímum.
- Nemendur koma með uppáhaldsleikföng í skólann, segja frá þeim og sýna þau. Borin eru saman leikföng fyrr og nú.
- Nemendur rita frásögn um leikfangið sem þau komu með í skólann.
- Rifjaðir eru upp leikir sem börn léku sér í fyrr á árum.
- Gerður er listi yfir uppáhaldsleiki barnanna í bekknum.
- Byggðasafnið heimsótt og unnin verkefni sem tengjast leikföngunum sem þar eru.

## Kennsluhugmynd III:

### Sjósókn, varir

#### Tillaga um hentugt námsefni:

*Komdu og skoðaðu hafið*

2. bekkur

Höf: Sólrún Harðardóttir. Námsgagnastofnun. 2005

#### Kennslutilhögun:

- Skoða myndbandið um Lambastaðavörina á heimasíðu Garðs [www.sv-gardur.is](http://www.sv-gardur.is)
- Skoða fróðleik Gísla Sighvatssonar um varir í Garðinum í bókinni *Undir Garðskagavita* (bls. 280-281)  
Höf. Gunnar M. Magnúss. Útg.  
(sjá fleiri bækur um sjósókn fyrri tíma í heimildalista)
- Skoða fróðleik Ásgeirs Hjálmarssonar á mynddiski.
- Viðtalseyðublöð sem nemendur fara með heim og afla upplýsinga hjá ættingjum sínum eða öðrum sem stundað hafa sjósókn eða þekkja til sjósóknar fyrir u.þ.b. 50 árum
- Vettvangsferð meðfram ströndinni frá Gerðum að Garðskaga, þar sem skoðaðar eru merktar varir.  
(Merkingarnar gerði Guðmundur Garðarsson frá Vík í Garði)
- Komið við hjá Lambastaðavör, þar sem enn er sýnilegt uppsátur (er á minjaskrá)
- Byggðasafnið heimsótt, og þar unnin verkefni um sjósókn fyrri tíma. Í verkefnamöppunni eru verkefni um báta og fleira þessu efni tengt.
- Þegar í skólann er komið geta nemendur t.d. teiknað, málað eða mótað hluti sem tengjast viðfangsefninu.

Verkefnið gæti einnig hentað á útikennsludögum eða göngudögum hjá eldri nemendum.

Einnig eru í möppunni verkefni með ferð frá Gerðum að Réttarholti og frá Réttarholti að Stórhólma í Leiru.

## Kennsluhugmynd IV

### Útræði frá Garði – Merktar varir



Króksvör

#### Undirbúningur og kennslutilhögun:

- Lesinn er kaflinn Varirnar og nokkur kennileiti bls. 280-281 í bókinni *Undir Garðskagavita* eftir Gunnar M. Magnúss.
- *Skoðaður er mynddiskur Ásgeirs Hjálmarssonar um varir og landingarstaði í Garði.*
- *Skoðuð er myndin Verstöðin Ísland*
- Nemendur skoða kort af strandlengju Garðs og Leiru með merktum vörum.
- Gengið er með ströndinni í Garði og staldrað við hjá merktum vörum og unnin verkefni á hverjum stað.
- Nemendur hvattir til að fylgjast vel með umhverfinu og vanda sig við verkefnin. Í lokin segja þeir bekkjarfélögum og kennara frá upplifun sinni og leggja fram verkefnin sín.
- Verkefni um Lambastaðavör og önnur verkefni um sjósókn má vinna á safninu í tengslum við vettvangsferðina auk verkefna sem unnin eru í ferðinni.
- Nemendur teikna, mála eða móta í pappamassa eða leir, strönd með landingarstöðum, vörum og mönnum árabátum.

Sá sem merkti allar varirnar heitir Guðmundur Garðarsson. Hann ólst upp í Vík í Garði

Þetta verkefni hentar vel fyrir eldri nemendur

## Kennsluhugmynd V

### Myndaskilti: Náttúran við Garðskaga



### Tillaga um hentugt námsefni:

*Lífríkið á landi: Ströndin.*

10 -12 ára

Höf. Edda Eiríksd. Jenný Karlsd. Þórey Ketilsd. og Þorvaldur Örn Árnason.

Útg. Námsgagnastofnun. 1994

*Náttúran allan ársins hring.*

Höf. Sólrún Harðardóttir. Útg. Námsgagnastofnun. 1995.

10 -12 ára

### Undirbúningur og kennslutilhögun:

- Nemendur ganga að skiltunum og skoða þau undir leiðsögn kennara.
- Farið í fjöruna og fuglalíf og gróður skoðað
- Teknar plöntur til að pressa og greina.
- Teknar ljósmyndir af fuglum og gróðri.
- Þá er farið á veitingastaðinn Flösina og reynt að sjá hvali í sjónaukanum sem þar er.
- Næst er farið á safnið og eggjasafnið skoðað, einnig eru þar nokkrir uppstoppaðir fuglar.
- Uppstoppaðir fuglar í heimaskólanum skoðaðir.
- Verkefni unnið í skólanum:  
Nemendur búa til veggspjald með pressuðum jurtum úr fjörunni á Garðskaga og ljósmyndum úr ferðinni, sem nemendur skrifa texta við.

## Kennsluhugmynd VI

### Flösin - skipströnd



#### Undirbúningur og kennslutilhögun:

- Áður en haldið er af stað í þessa ferð þarf að athuga sjávarföllin, því það þarf að vera fjara. Nemendur geta skoðað sjómannaalmanakið eða fundið upplýsingar á netinu.
- Gengið er út á flösin þar sem kennari fræðir nemendur um flösin landfræðilega og segir frá skipströndum sem þar hafa orðið og björgunarstörfum.
- Þá er skiltið skoðað þar sem sjá má stórt kort af Garðskaga með skráðum skipströndum.
- Næst er unnið verkefnið um siglingatæki. (sjá einstaklingsverkefni)

## Kennsluhugmynd VII

### Vitarnir á Garðskaga



#### Tillaga um hentugt ítarefni:

*Vitar á Íslandi og Undir Garðskagavita*

#### Undirbúningur og kennslutilhögun:

- Nemendur fræddir um vitana á Garðskaga.
- Bókin *Vitar á Íslandi* skoðuð og einnig er fróðleikur í bókinni *Undir Garðskagavita*.
- *Farið er upp í vitana, annan eða báða og útsýnið þaðan skoðað.*
- *Nemendur taka ljósmyndir af því sem fyrir augu ber.*
- Líkön af vitunum skoðuð á Byggðasafninu og unnið kennsluverkefnið um vitana. (sjá einstaklingsverkefni)
- Myndirnar úr ferðinni notaðar til að setja á veggspjald í skólanum með textum nemenda um vitana.

## **Kennsluhugmynd VIII**

### **20 verkefnablöð fyrir nemendur í leikskóla og yngsta stigi grunnskóla**

#### **Undirbúningur og kennslutilhögun:**

- Nemendur fræddir um umgengni á söfnum
- Nemendur segja frá reynslu sinni af heimsóknum á söfn
- Byggðasafnið á Garðskaga kynnt fyrir nemendum (Heimasíðan)
- Kennari skoðar verkefnablöðin með nemendum
- Nemendur velja sér verkefni og reyna að finna hlutina sem eru á myndunum og teikna svo í rammann eftir fyrirmælunum.
- Þegar heim í skólann er komið tjá nemendur upplifun sína myndrænt og munnlega (Kennari ritar setningar hvers og eins á flettistöflu)

## **2. hluti**

**Verkefni fyrir yngstu börnin**

# Kk Kerra

Þessi kerra er á safninu.  
Reyndu að finna hana.  
Teiknaðu mynd af hestinum  
sem á að draga kerruna.



Hér er hesturinn sem á að draga kerruna.

# Ff Fjölyrki

Þetta fjölyrki er á safninu.  
Reyndu að finna það.  
Teiknaðu mynd af bónda sem  
ætlar að nota fjölyrkið.



Hér er bóndi sem ætlar að nota fjölyrkið.

# Vv Vélar

Þessar vélar eru á safninu.  
Reyndu að finna þær.  
Teiknaðu mynd af þeim sem ætlar að setja vélarnar í gang.



Hér er sá sem ætlar að setja vélarnar í gang

# Bb Borð

Þetta borð er á safninu.  
Reyndu að finna það.  
Teiknaðu mynd af þeim  
sem ætla að fá sér að  
borða.



Hér eru þeir sem ætla að fá sér að borða.

# Vv Vagn

Þessi dúkkuvagn er á safninu. Reyndu að finna hann. Teiknaðu mynd af dúkku sem á að vera í vagninum.



Hér er dúkkan sem á að vera í vagninum

# Hh Hjól

Þetta þríhjól er á safninu.  
Reyndu að finna það.  
Teiknaðu mynd af barninu  
sem ætlar að hjóla á því.



Hér er barnið sem ætlar að hjóla á þríhjólinu

# Ss Sleði

Þessi sleði er á safninu.  
Reyndu að finna hann.  
Teiknaðu mynd af barni sem  
ætlar að renna sér á  
sleðanum.



Hér er barn sem ætlar að renna sér á sleðanum

# Bb Bátur

Þessi bátur er á safninu.  
Reyndu að finna hann.  
Teiknaðu mynd af  
sjómanni sem ætlar að sigla  
bátinum.



Hér er sjómaður sem ætlar að sigla bátinum

# Ss Strokkur

Þessi strokkur er á safninu.  
Reyndu að finna hann.  
Teiknaðu mynd af konu sem  
ætlar að strokka smjör.



Hér er konan sem ætlar að strokka smjör

# Ee Eldhús

Þetta eldhús er á safninu.  
Reyndu að finna það.  
Teiknaðu mynd af þeim sem  
ætlar að elda matinn.



Hér er sá sem ætlar að elda matinn

# Kk Kennaraborð

Teiknaðu mynd af kennara sem ætlar að kenna í skólanum.



Hér er kennari sem ætlar að kenna í skólanum

# Ss Sími

Þessi sími er á safninu.  
Reyndu að finna hann.  
Teiknaðu mynd af þeim  
sem ætlar að tala í símann.



Hér er sá sem ætlar að tala í símann

# Úú Útvarp

Þetta útvarp er á safninu.  
Reyndu að finna það.  
Teiknaðu mynd af þeim  
sem er að hlusta á útvarpið.



Hér er sá sem er að hlusta á útvarpið

# Dd Dráttarvél

Þessi dráttarvél er á safninu.  
Reyndu að finna hana.  
Teiknaðu mynd af bóndanum  
sem á dráttarvélinu.



Hér er sá sem á dráttarvélinu

# Bb Brúsar

Þessir mjólkurbrúsar  
eru á safninu.  
Reyndu að finna þá.  
Teiknaðu mynd af  
þeim sem á mjólkurbrúsana.



Hér er sá sem á mjólkurbrúsana

# Ss Skilvindur

Þessar skilvindur eru á safninu.  
Reyndu að finna þær.  
Teiknaðu mynd af bóndakonunni  
sem ætlar að skilja  
mjólkina.



Hér er bóndakonnan sem ætlar að skilja mjólkina.

# Vv Verzlun

Þessi verzlun er á safninu.  
Reyndu að finna hana.  
Teiknaðu mynd af þeim sem  
ætlar að versla í búðinni.



Hér er sá sem ætlar að versla í búðinni

# Ss Símstöð

Þessi símstöð er á safninu.  
Reyndu að finna hana.  
Teiknaðu mynd af þeim sem vinnur á símstöðinni.



Hér er sá sem vinnur á símstöðinni

# Tt Trukkur

Þessi trukkur er á  
afninu.  
Reyndu að finna hann.  
Teiknaðu mynd af þeim  
sem ætlar að keyra truckinn.



Hér er sá sem ekur þessum truck

# Ss Saumavél

Þessi saumavél er á safninu.  
Reyndu að finna hana.  
Teiknaðu mynd af þeim sem ætlar að sauma.



Hér er sá sem ætlar að sauma

## **3. hluti**

### **Einstaklingsverkefni**

## Leikföng fyrr á tímum



- Finndu leikföng á safninu.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hvert leikfang eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um eitt leikfang.
- Skráðu heiti leikfangsins sem þú valdir, teiknaðu mynd af því í rammann og litaðu hana vel.

---

---

---

---

---

A large empty rectangular box with a black border, intended for drawing a picture of the toy car.

---

---

---

---

---

Veldu tvö leikföng í viðbót, teiknaðu þau og segðu frá þeim í nokkrum orðum.

---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

---

---



---

---

## Sveitastörf fyrr á tímum



- Skoðaðu áhöld og búvélar á safninu.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hvern hlut eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um einn hlut sem þér finnst áhugaverður.
- Hvaðan er hann? Til hvers notaður? Hvernig er hann? O.fl.
- Skráðu heiti hlutarins sem þú valdir, teiknaðu mynd af honum í rammann og litaðu hana vel.


---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

Veldu tvo hluti í viðbót, teiknaðu þá og segðu frá þeim í nokkrum orðum.

---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

---

---



---

---

## Sjósókn fyrr á tímum

- Skoðaðu bátana á safninu.
- Finndu sexæringinn Fram.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við bátinn, eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um bátinn.
- Skráðu nafn tveggja eiganda bátsins. Hvaða ár hann var smíðaður og fleira sem þú tekur eftir. Teiknaðu mynd af bátnum í rammann og láttu hann vera á siglingu.




---

---

---

---

---



---

---

---

---

---



Veldu tvo báta í viðbót, teiknaðu þá og segðu frá þeim í nokkrum orðum.

---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

---

---



---

---

## Siglingatæki

- Skoðaðu siglingatækin á safninu.
- Veldu eitt tæki sem þér finnst áhugavert.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við tækið, eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um tækið sem þú valdir.



---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Fast þeir sóttu sjóinn

- Finndu svæðið á safninu sem merkt er Fast þeir sóttu sjóinn.
- Veldu einn hlut sem þér finnst áhugaverðari en aðrir.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hann, eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um hlutinn sem þú valdir og teiknaðu hann í rammann.



---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Lífið í landi

- Finndu svæðið á safninu sem merkt er Lífið í landi.
- Veldu einn hlut sem þér finnst áhugaverðari en aðrir.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hann, eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um hlutinn sem þú valdir og teiknaðu hann í rammann.



---

---

---

---

---

A large empty rectangular box with a black border, intended for drawing or illustration of the selected object.

---

---

---

---

---

## Samfélagið í landi

- Finndu svæðið á safninu sem merkt er Samfélagið í landi.
- Veldu eitthvað sem þér finnst áhugavert.
- Athugaðu upplýsingar sem eru þar, eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um það sem þú valdir og teiknaðu mynd af því í rammann.



---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Vélarnar

- Skoðaðu vélarnar á safninu.
- Veldu eina vél sem þér finnst áhugaverð.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hana, eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um vélina sem þú valdir. Hver átti hana, hvaða aflgjafa gekk hún fyrir o.s.v.frv.



---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Leikir fyrr á tímum

- Finndu hluti á safninu sem tengjast leikjum barna.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hvern hlut eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um einn hlutanna.
- Skráðu heiti hlutarins sem þú valdir, teiknaðu mynd af honum í rammann og litaðu hana vel.



---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Vetrarleikir fyrr á tímum

- Finndu hluti á safninu sem tengjast vetrarleikjum barna. Athugaðu upplýsingar sem eru við hvern hlut eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um einn hlutanna.
- Skráðu heiti hlutarins sem þú valdir, teiknaðu mynd af honum í rammann og litaðu hana vel.



---

---

---

---

---

A large, empty rectangular box with a thin black border, intended for drawing a picture of the selected object.

---

---

---

---

---

## Heimili fyrr á tímum

- Skoðaðu stofuna, eldhúsið og búrið á safninu.
- Athugaðu upplýsingar sem eru þar, eða spurðu safnvörðinn.
- Veldu einn hlut sem þér finnst áhugaverður og skrifaðu stutta frásögn um hann.
- Skráðu heiti hlutarins sem þú valdir, teiknaðu mynd af honum í rammann og lítaðu hana vel.




---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

## Heimili - búr

- Finndu hluti í búrinu sem tengjast heimilisstörfum.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hvern hlut eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um einn hlut.
- Teiknaðu mynd af hlutnum í rammann og litaðu hana vel.



---

---

---

---

---

---

A large empty rectangular box with a black border, intended for drawing a picture of the object being discussed in the text.

---

---

---

---

---

## Heimili - eldhús

- Skoðaðu hluti í eldhúsinu.
- Athugaðu upplýsingar sem eru við hvern hlut eða spurðu safnvörðinn.
- Taktu vel eftir og notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta frásögn um einn hlut.
- Teiknaðu mynd af hlutnum í rammann og litaðu hana vel.



---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

## Heimili - stofa

- Skoðaðu hluti í stofunni.
